

Ed.

161. Frumvarp

til laga um ábyrgð fyrir að gefa saman hjón, er standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Flutningsm.: Eggert Pálsson og Jóh. Jóhannesson.

1. gr.

Nú gefur þjóðkirkjuprestur eða annar þar til löggiltur maður hjón saman, er annaðhvort eða bæði standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, enda hafi eigi verið sýnd skilríki fyrir skuldleysi þeirra í því efni, og má þá dæma hann til að endurgreiða framfærslusveit þeirri, er hlut á að máli, alla skuldina.

2. gr.

Sá er hjón gefur saman án þess, að hann hafi fengið skilríki fyrir því, að hvorugt þeirra standi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, skal þar að auki, ef annaðhvort þeirra eða bæði standa í slíkri skuld, sæta sektum til landssjóðs, fyrsta sinn, er brot er framið 50—100 krónum, og ef brot er ítrekað 100—500 krónum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ástæður fyrir frumvarpinu:

Ákvæðum tilskipunar 30. apríl 1824, 3. gr. 10, hefir verið heitt svo að prestar hafa verið dæmdir til að framfæra afsprengi hjóna, er gefin hafa verið saman án þess skilríki lægi fyrir um skuldleysi þeirra við framfærslusveitina eða skuld þeirra annarshvorts eða beggja er ekki greidd á giftingardegi, sjá t. d. hæstarjettardóm í dómasafni hæstarjettar 1873 bls. 429. Og sama verður ofan á eftir 62. gr. fátækralaga nr. 44, 10. nóv. 1905. Nú þarf ekki annað en skuldin sje greidd á giftingardegi, og er prestur þá vítalaust að framkvæma athöfnina. Í samræmi við það er, að aldrei hvíli frekari skaðabótaskylda á prestum eða þeim, sem framkvæmir vígsluna en endurgreiðsla skuldarinnar eins og í frumvarpinu segir.

Um 1. gr.

Orðalagið tekur til allra, sem löggiltir eru til að framkvæma hjónavigslu, sbr. lög nr. 4, 19. febr. 1886, 1. og 13. gr. og lög nr. 6, 4. mars 1884, 1. gr. Að öðru leyti visast til framanritaðs.

Um 2. gr.

Tekur til sömu manna sem 1. gr. Er nokkurs konar skerping á ákvæðum 144. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og miðar til að full varkárni sje brúkuð.